

REGLUR

um notkun stöðureita og gjaldtöku.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefir samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 sett eftirfarandi reglur um stöðumæla í Reykjavík.

1. gr.

Borgarráð ákveður að fengnum tillögum umferðrnefndar hvar á götum og opnum svæðum skuli setja upp stöðumæla.

Með uppsetningu stöðumæla er stefnt að því að koma betra skipulagi á það, hvernig bifreiðum er lagt og miðla stöðureitum milli þeirra, sem þurfa á þeim að halda.

2. gr.

Stöðumælar geta verið ýmist einn fyrir hvert stæði eða einn fyrir ótiltekinn fjölda stæða. Umferðarnefnd ákveður, hvaða tegund stöðumæla skuli setja upp, svo og gerð þeirra í einstökum atriðum.

Umferðardeild gatnamálastjóra annast uppsetningu mælanna og viðhald þeirra.

3. gr.

Stöðumælar, sbr. 1. grein, skulu vera eign stöðumælasjóðs Reykjavíkur.

4. gr.

Tekjur stöðumælasjóðs eru peningar þeir, sem látnir eru í stöðumæla sem greiðsla fyrir afnot stöðureits í ákveðinn tíma og aukaleigugjöld fyrir umframstöðu skv. 6. gr. þessara reglna.

5. gr.

Borgarráð ákveður, að fengnum tillögum umferðarnefndar, hvað skuli vera gjald fyrir stöðu á stöðumælareit og hvað ökutæki megi standa lengi samfelt á stöðumælareit.

6. gr.

Nú hefur ökutæki staðið lengur á stöðureit en heimilt er og má þá veita öikumanni kost á að greiða aukaleigugjald til stöðumælasjóðs.

Borgarráð ákveður að fengnum tillögum Umferðarnefndar og í samráði við Lögreglustjórann í Reykjavík, hve hátt aukaleigugjald skv. þessari grein skuli vera.

Aukaleigugjald skal greiða á skrifstofu lögreglustjóra innan viku. Ef tilkynning um stöðubrot skv. 14. gr. er í formi gíróseðils skal hann greiddur í banka eða pósthúsi innan sömu tímamarka.

7. gr.

Tekjum stöðumælasjóðs má eingöngu verja til þess að greiða fyrir kaup og rekstur stöðumæla og til þess að stuðla að aukningu bifreiðastæða, þar á meðal lóðakaupum, byggingu geymsluhúsa eða byrgja eða á annan hátt.

Umferðarnefnd gerir tillögur um ráðstöfun á sjóðnum.

8. gr.

Skylt er að greiða fyrir afnot af stöðureit. Gjaldskyldan skal vera milli kl. 09:00 og 18:00 á virkum dögum frá og með mánudegi til föstudags.

Lögreglustjóri getur ákveðið að gjaldskylda sé lengur en að framan greinir, svo og veitt undanþágu frá ákvæðum þess þegar sérstaklega stendur á.

9. gr.

Hver, sem leggur ökutæki á stöðumælaeit á gjaldskyldutímabili, verður að setja í viðkomandi stöðumæli þá mynt, sem áletrun á stöðumælinum segir til um. Sé mælirinn þannig búinn, að snúa þurfi handfangi til þess að setja mælinn af stað, skal gera það strax eftir að peningurinn hefur verið látinn í mælinn, þannig að mælirinn fari í gang.

Sama á við um mæla skv. 2. málslíð 1. málsg. 2. gr.

Á þeim skal þrýsta á hnapp, sem til þess er ætlaður í samræmi við leiðbeiningar á mælinum.

Ef mælir er þannig gerður að úr honum kemur miði með áletrun um þann tíma er greitt var í hann eða þau tímamörk sem greitt hefur verið til, skal ökuamaður setja miðann á mælaborð við framrúðu bifreiðarinnar þannig að áletrun á honum sé vel sýnileg utan frá.

10. gr.

Hver, sem leggur ökutæki þannig, að eigi sé unnt að nota stöðumælaeit fyrir annað ökutæki, skal greiða í stöðumælinn, eins og ökutækið stæði á stöðumælaeitnum sjálfum.

11. gr.

Skylt er að greiða fyrir afnot af stöðumælaeit fyrir hvers konar vélknúin ökutæki. Heimilt er þó án gjaldskyldu að ferma eða afferma ökutæki, taka farþega eða hleypa þeim út, enda sé það gert án tafar og því hraðað eftir föngum.

12. gr.

Á stöðumæli skal vera letrað greinilega, hve hátt stöðugjaldið sé, til hve langs tíma staða sé keypt, á hvaða tímum sé skylt að greiða í mælinn og hvernig mælirinn sé settur í gang.

13. gr.

Ekkert ökutæki má standa á stöðumælaeit lengur en þann hámarkstíma, sem letraður er á viðkomandi stöðumæli.

Það er misnotkun á stöðumæli að greiða fyrir stöðu í lengri tíma og varðar sömu meðferð og viðurlögum og önnur brot gegn reglugerð þessari.

14. gr.

Pegar eftirlitsmaður verður þess var, að ökutæki stendur á stöðureit í andstöðu við reglur þessar skal hann afhenda öikumanni þess eða festa við það tilkynningu um brotið.

Á tilkynningunni skal tekið fram um tíma og stað umferðarbrottsins og greint frá því að öikumanni sé boðið að ljúka málinu með greiðslu aukaleigugjalds í stöðumælasjóð, hvar og hvernig greiðslu megi inna af hendi svo og fjárhæð gjaldsins.

Heimilt er að hafa tilkynningu þessa í formi girósedils.

15. gr.

Bannað er að setja nokkurn annan hlut í stöðumæla en þá mynt, sem mælirinn er gerður fyrir. Bannað er að aka á stöðumæli eða skemma hann á nokkurn hátt. Sá, sem óviljandi hefur valdið skemmdum á stöðumæli, skal tilkynna það tafarlaust til lögreglunnar og bjóða fram fullar bætur.

16. gr.

Umferðardeild annast tæmingu stöðumæla og afhendir borgarsjóði stöðumælagjöldin. Hafa skal samráð við endurskoðunardeild um fyrirkomulag talningar og innra eftirlit í því sambandi.

Reikningshald stöðumælasjóðs er hjá borgarbókhaldi.

17. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi eldri reglur frá 29. ágúst 1966.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. mars 1985.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um merkingu nauðsynjavara, sem innihalda eiturefni, hættuleg efni
eða önnur efni, sem geta verið skaðleg heilbrigði manna.**

1. gr.

Ílát og ytri umbúðir fyrir vörur, sem boðnar eru til sölu eða notkunar og innihalda eiturefni eða hættuleg efni, skal merkja samkvæmt ákvæðum reglugerða um merkingu íláta fyrir hættuleg efni og eiturefni, nr. 479/1977 og 77/1983.

Sömu kröfur eru gerðar til innlendirar framleiðslu og innfluttrar vöru.

2. gr.

Innfluttar vörur, sem innihalda eiturefni eða hættuleg efni og merktar eru með varnaðarorðum/-merkjum á erlendum tungumálum, skulu jafnframt merktar á íslensku.

Íslenskum reglum um merkingu íláta fyrir eiturefni og hættuleg efni skal fullnægt.

3. gr.

Á ílátum vöru, sem inniheldur eiturefni eða hættuleg efni, skal geta nafns, heimilisfangs og símanúmers framleiðanda, svo og innflytjanda, ef um innflutta vöru er að ræða. Framleiðandi og innflytjandi bera ábyrgð á að varan sé rétt merkt, áður en henni er dreift til sölu eða notkunar. Leita skal staðfestingar Hollustuverndar ríkisins á að merkingar íláta séu í samræmi við ákvæði gildandi laga og regna. Eiturefnanefnd er Hollustuvernd ríkisins til ráðuneytis í þessum efnum.

4. gr.

Á ílátum skal geta þeirra eiturefna eða hættulegra efna, sem varan inniheldur og í hve miklu magni þau eru.

5. gr.

Á ílát skal á íslensku árita notkunarreglur, svo og nauðsynlegar leiðbeiningar um hvað gera skuli, ef slys eða eitrun af völdum efnisins ber að höndum.

6. gr.

Ef boðin er til sölu vara, sem inniheldur efni, sem geta verið skaðleg heilbrigði manna, en eru ekki skilgreind sem eiturefni eða hættuleg efni samkvæmt lögum eða reglugerðum, getur Hollustuvernd ríkisins krafist þess, að ílát vörunnar verði merkt með varnaðarorðum samkvæmt fyrirmælum stofnunarinnar. Jafnframt skal Hollustuvernd ríkisins fara þess á leit við eiturefnanefnd, um umrædd efni verði sett á lista yfir eiturefni eða hættuleg efni.